

**Sp.**

**296. Tillaga til þingsályktunar**

[157. mál]

um aukna hagkvæmni í smásöludreifingu mjólkur.

Flm.: Sigurður Ingimundarson, Jón Þorsteinsson, Jón Árm. Héðinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta endurskoða gildandi laga-  
ákvæði um smásöludreifingu mjólkur eða gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til  
þess að tryggja frjálslegri smásöludreifingu og hagkvæmnari fyrir neytendur og  
framleiðendur. Telur þingið æskilegt, að frumvarp til nauðsynlegra breytinga á  
lögum verði lagt fyrir næsta Alþingi eða aðrar nauðsynlegar ráðstafanir gerðar,  
áður en Alþingi kemur næst saman, er tryggt þetta. Skulu aðgerðir við það miðaðar,  
að ekki sé slakað á nauðsynlegum fyrirmælum í lögum eða heilbrigðissamþykktum  
um hreinlæti og hollustuhætti.

**Greinargerð.**

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að lengi hefur gætt nokkurrar óánægju  
með smásöludreifingu mjólkur. Er því m. a. haldið fram, að neytendum sé gert  
óþarflega erfitt fyrir um innkaup og aðdrætti á þessari ágætu nauðsynjavöru og þurfi  
oft að fara í margar fjarliggjandi verzlunir til þess að kaupa inn daglegar nauðsynjar  
matvæla. Umræður, sem nýlega hafa orðið í sjónvarpi og dagblöðum, benda til þess,  
að þetta þurfi nánari athugunar við.

Nokkur þróun í rétta átt hefur þó orðið hin síðari ár. Má í því sambandi nefna  
skipulagningu verzlunarhúsa með samliggjandi verzlunum helztu nauðsynjavara í  
nýjum þéttbýlishverfum, og einnig má nefna byggingu kjörbúða með fullnægjandi  
kælibúnaði og aðstöðu til sölu á hvers konar matvælum. Vafi leikur þó á og er  
umdeilt, hvort þessi nýja aðstaða sé nýtt á hagkvæmasta hátt, og virðast reglur  
um það nokkuð óljósar, hverjir fái leyfi til mjólkursölu og hverjir ekki.

Allt þarf þetta nokkurrar athugunar við, og leita verður hinna hagkvæmstu  
leiða, þegar á lengri tíma er litið. Væri æskilegt, að ríkisstjórnin kveddi sér til  
aðstoðar hagræðingarráðunauta til þess að marka stefnuna í þessum málum. Ekki  
verður við það unað, að staðhæfingar stangist á, en ný dreifingarkerfi séu byggð  
án þess, að úr deilum sé skorið.

Augljóst er, að það er neytendum og framleiðendum hagstætt, að mjólk sé sem  
viðast á boðstólum við fullnægjandi skilyrði, ef það þarf ekki að leiða til þess,  
að dreifingarkostnaður hækki.

Virðist því á allan hátt rétt, að skipulag þessara mála sé athugað nánar og  
reglur settar til þess að marka stefnuna á þann hátt, að fullt tillit sé tekið til hags-  
muna neytenda og framleiðenda.